

SAMÞYKKT**68**
2. júlí

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandinu í sumar frá því 11 vikur af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING**69**
18. júlí

um

breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926.

Kaup það, sem ákveðið er fyrir fiskimatsmenn í 5. gr. erindisbréfs fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922, sbr. auglýsingu frá 13. ágúst 1926, skal frá 1. ágúst þ. á. vera í Reykjavík 2 krónur um hverja klukkustund á virkum dögum, en 2 kr. 50 aur. á helgidögum, hvort sem er við flokkun fiskjar, umsjón við vigt hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.